

# Eystrahorn

8. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 28. febrúar 2019

www.eystrahorn.is

## Fjallaskíðamennska



Nú á að renna sér niður.

Í síðustu viku lögðu nemendur í fjallamennskunáminu land undir fót og héldu á Tröllaskaga til að læra fjallaskíðamennsku. Fjallaskíðaáfanginn í náminu er kenndur í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga sem er á Ólafsfirði.

Til stóð að hefja ferðina á mánudegi en vegna slæms ferðaveðurs var brottför frestað um einn dag.

Hópurinn fór því frá Höfn á þriðjudagsmorgun og var kominn á Ólafsfjörð eftir um níu klukkutíma ferðalag.

Miðvikudagurinn fór í að fara

yfir og máta búnaðinn, læra grunnatriði um snjóflóð og síðast en ekki síst prófa að ganga á fjallaskíðum og renna sér smá. Farið var í stutta fjallaskíðaferð frá skólanum, innanbæjar á Ólafsfirði.

Að morgni fimmtudags var byrjað á að meta snjóflóðahættuspá og veðurspá fyrir daginn. Að því loknu hélt hópurinn í fjallaskíðaferð þar sem gengið var upp í fjall fyrir ofan bæinn og „út í sveit“ eins og heimamenn segja. Hópurinn renndi sér svo niður stutta brekku og tók æfingu í leit

í snjóflóði með snjóflóðayli og snjóflóðaleitarstöng. Að æfingunum loknum var gengið aftur í skólann. Þegar þangað var komið um klukkan tvö keyrði hópurinn yfir á skíðasvæðið á Siglufirði þar sem restinni af deginum var varið. Þeir sem ekki kunnu á skíði fengu kennslu í auðveldu brekkunum og hinir sem kunnu á skíði skíðuðu erfiðari brekkur af miklum krafti.

Á föstudegi var farið aftur á skíðasvæðið á Siglufirði. Lyftan var tekin upp og gengið út fyrir svæðið þar sem



Leiðbeint var hvernig á að vaxa skíði æfingar í mati á snjóflóðahættu voru gerðar, ásamt æfingum í utanbrautaskíðun.

Laugardagurinn var svo ferðadagur þar sem keyrt var frá Ólafsfirði á Höfn.

Næsta ferð hjá fjallamennskunemunum verður aftur á Tröllaskagann dagana 4. - 9. mars þar sem þeir ljúka seinni hluta fjallaskíðanámskeiðsins. Nú er bara að vona að snjórinn haldist þrátt fyrir hlýtt veður.

*Sigurður Ragnarsson*

Ljósmyndir: Tómas Einarsson og Sigurður Ragnarsson. [www.fas.is](http://www.fas.is)



Fyrstu skrefin tekin á skíðunum.



Nemendur grafa gryfjur til að kanna snjóalög og meta snjóflóðahættu.

**Vígsluhátíð á nýju Sindrahúsi á morgun föstudaginn 1. mars**

Umf. Sindra býður hér með öllum til vígsluhátíðar á nýju félagsheimili þann 1. mars nk. og hefst dagskrá kl. 17.00.



## Aðalfundur Bjarnanessóknar



Aðalfundur Bjarnanessóknar  
verður haldinn í  
Bjarnaneskirkju  
fimmtudaginn  
7. mars kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

**Sóknarnefndin**

## SÚPUFUNDUR

laugardaginn 2. mars  
kl. 11:00-13:00 í  
Sjálfstæðishúsinu.

Við tökum vel  
á móti þér!

**D**

## MEIRAPRÓF

Meirapróf hefst á Hornafirði miðvikudaginn  
6. mars og lýkur sunnudaginn 24. mars.  
Ennþá er hægt að skrá sig.

Upplýsingar og skráning í 893-3652 eða  
[palloa@simnet.is](mailto:palloa@simnet.is)

**Ökuskóli  
Austurlands**



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

**SAMVERUSTUND** föstudaginn 1. mars  
kl. 17:00.

Snævarr Guðmundsson hjá Náttúrustofu  
Suðausturlands flytur tvö erindi með  
myndum: 1. Jöklabreytingar skoðaðar út  
frá gömlum myndum. 2. Hversu fjarlægjar  
eru stjörnurnar? Ekki missa af þessum  
fróðleik.

### BOLLA – BOLLA

Bollukaffi í Ekru sunnudaginn 3. mars  
kl. 14:00.

Kaffi og bolla kosta 1.000 kr.  
Aukabolla 500 kr.

## Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi Nýheima verða haldin alla  
föstudaga í mars kl.12:30

### 1.3. Menningarmiðstöðin

Rætt verður um ævi og störf Guðjóns R.  
Sigurðssonar.

Súpa, nýbakað  
brauð

### 8.3. Leikhópur Grunnskóla Hornafjarðar

Leikþáttur.

1000kr

### 15.3. Háskólasetrið

Hornfirsk ferðamál- staða og horfur.

Súpa, brauð og

salatbar

1500kr

### 22.3. Menningarmiðstöðin

Sögur af Hornfirsku hestinum.

í boði frá

kl 12.00

(ath. að ekki er

### 29.3. Vöruhúsið / Fab Lab

Kynning á starfsemi og  
Verksmiðjan 2019.

tekið við

kortum)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## VIÐTAL VIÐ NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Eydís Katla Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi  
Fræðslunetsins verður til viðtals á Höfn eftir hádegi 6. mars og  
fyrir hádegi 7. mars.

Tímamantanir hjá Eydísi í tölvupósti: [eydis@fraedslunet.is](mailto:eydis@fraedslunet.is) eða í  
síma 560 2030.

Viðtölin eru þátttakendum að kostnaðarlausu.



**FRÆÐSLUNETIÐ**  
Simennin á Suðurlandi  
Lærum og þáttum



## Lesið í landið - Vinnustofa og málþing í Suðursveit 1. mars

Lesið í landið heitir vinnustofa á vettvangi sem fer fram föstudaginn 1. mars kl. 13 í Suðursveit þar sem verbúðir voru á 16. öld í Kambtúni vestan við Hestgerðiskamb. Vinnustofunni stýrir Þuríður E. Harðardóttir, minjavörður Austurlands. Meðal þess sem kennt verður í vinnustofunni er hvernig hægt er að nýta snjallsíma til að skrásetja menningarminjar.

Eftir að vinnustofunni lýkur verður haldið lítið málþing í Þórbergssetri á Hala kl. 15 þar sem Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, mun segja frá CINE-verkefninu sem nýtur styrks úr Norðurslóðaáætlun ESB og Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur mun fjalla um fornar ferðaleiðir milli Héraðs og Suðursveitar en Skriðuklaustur átti til forna útræðið við Hálsahöfn.

Vinnustofan og málþingið eru hluti af CINE-verkefninu sem snýst um að skrá og miðla menningararfi með nýjustu tækni og margmiðlun. Gunnarsstofnun og Locatify eru íslenskir aðilar að verkefninu en með



Mynd frá Kambtúni. Ljósmyndari: Hjörleifur Guttormsson

aukaaðild eru: Minjastofnun Íslands, Vatnajökulsþjóðgarður, Óbyggðasetrið og Fljótshreppur. Samstarfsaðilar vegna þessara viðburða í Suðursveit eru Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur.

Nánari upplýsingar veitir Skúli Björn Gunnarsson í síma 860-2985 eða netfang [skuli@skriduklaustur.is](mailto:skuli@skriduklaustur.is)



## Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

1

### Menningarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

2

### Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL KL. 16:00 ÞANN 5. MARS 2019**



### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.



[STYRKIR@SASS.IS](mailto:STYRKIR@SASS.IS)



S. 480-8200



[WWW.SASS.IS](http://WWW.SASS.IS)

Uppbyggingarsjóður er hluti af



## Þingmenn VG í heimsókn

Sunnudaginn 3. mars kl. 17:00 verður opinn fundur með Ara Trausta Guðmundssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kolbeini Óttarsyni Proppé í Cafe Tee.



Gestir fundarins verða félagi frá UVG og Elín Oddný Sigurðardóttir, varaborgarfulltrúi.



*Ef það er eitthvað sem þig langar að vita þá er tækifærið núna.*



## Dans Dans Dans

Dansæfing verður í Ekrusal föstudaginn 1. mars kl 20:00

*Leiðbeinandi er Bogga dans.*

Allir velkomnir

*Félag Harmonikuunnenda*



Manstu eftir taupokanum?

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.  
Kannaðu málið á [www.eystrahorn.is/askrift/](http://www.eystrahorn.is/askrift/)

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

## Landstólpinn

Viðurkenning Byggðastofnunar

**Landstólpinn** Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar er viðurkenning sem Byggðastofnun veitir árlega á ársfundi sínum. Viðurkenningin er hvatning, því hugmyndin að baki er að efla skapandi hugsun og bjartsýni.

**Landstólpinn** er veittur einstaklingi, fyrirtæki eða hóp/verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga, fyrir framtak sem vakið hefur athygli á byggðamálum, landsbyggðinni í heild, eða einhverju tilteknu byggðarlagi og þannig aukið veg viðkomandi samfélags.

Hér með er lýst eftir tillögum um handhafa

**Landstólpans** 2019. Dómnefnd velur úr þeim tillögum sem berast.

Hafa má í huga hvort viðkomandi hafi:

- gefið jákvæða mynd af landsbyggðinni eða viðkomandi svæði
- aukið virkni íbúa eða fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- aukið samstöðu og jákvæðni íbúa
- dregið að gesti með verkefni eða umfjöllun sinni

Ekki er nauðsynlegt að öllum þessum atriðum sé fylgt eftir, heldur séu þau höfð til hliðsjónar. **Nauðsynlegt er að rökstuðningur fylgi tilnefningunni.**

Viðurkenningunni fylgir listmunur hannaður af íslenskum listamanni.

Tillögur sendist á netfangið:

[landstolpinn@byggdastofnun.is](mailto:landstolpinn@byggdastofnun.is)

Nánari upplýsingar gefur Eva Pandora Baldursdóttir, s.4555400.

**Frestur til að til að koma tillögum til skila rennur út föstudaginn 15. mars 2019**



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00  
Fax 455 54 99

postur@byggdastofnun.is  
byggdastofnun.is



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

**Menningarverðlaun, styrkir og aðrar viðurkenningar.**

Hátíðleg athöfn vegna afhendinga Menningarverðlauna, umhverfisviðurkenninga, styrkja Atvinnu- og rannsóknarsjóðs auk styrkja nefnda Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer fram þann **8. mars kl. 17:00 í Nýheimum.**

**Léttar veitingar og listviðburðir, allir velkomnir.**



# Aftaka veður á Suður- og Austurlandi

Björgunarfélag Hornafjarðar stóð í ströngu síðastliðinn þriðjudag þegar aftaka veður gekk yfir Suður- og Austurland. Þakplötur og þakkantar losnuðu á nokkrum stöðum í bænum þar á meðal á gömlu Vélsmiðjunni, Fiskimjölsværsmiðjunni og víðar. Mikið var um ruslatunnur og annað lauslegt sem f auk í óveðrinu og einnig lentu ferðamenn í ógöngum þegar rúður í bíl þeirra brotnuðu við Hvalnes og sótti Björgunarfélagið þá og bílinn og kom þeim til Hafnar. Svo fór hluti vegklæðningu við Almannaskarðsgöng.

Hér fylgja nokkrar myndir af störfum Björgunarfélagsins við gamla húsnaði Vélsmiðju Hornafjarðar þar sem þakkantar og plötur losnuðu.



## Sveitarfélagið Hornafjörður – Heilsueflandi samfélag auglýsir opinn fyrirlestur í Nýheimum þann 28. febrúar kl. 20:00

Fyrirlesarinn er **Sölvi Tryggvason** en hann gaf nýverið út bókina: *Á eigin skinni*, sem er afrakstur áratugsvegferðar hans um allt sem snýr að heilsu. Eftir að hafa sjálfur misst heilsuna neyddist Sölvi til að gerast sérfræðingur í eigin heilsu og hefur á undanförunum árum lært af framúrskarandi fólki um allan heim, auk þess að gera endalaust af tilraunum á sjálfum sér þegar kemur að kælingu, föstum, næringu, hreyfingu, bætiefnum og fleiru og fleiru.

Á fyrirlestrinum verður farið yfir lykilatriði þegar kemur að næringu, hreyfingu, hugleiðslu og öndun, föstum og leiðir til að bæta svefn, heilastarfsemi og draga úr bólgum og ójafnvægi í líkamskerfinu.

Hvetjum við alla bæjarbúa sem heimangengt hafa að mæta á þennan fyrirlestur.



RAFTÆKJA-  
SPRENGJA!

# Afsláttur til félagsmanna

Frábær afsláttur af ýmsum raftækjum

Afsláttur gildir frá 28. febrúar - 6. mars í öllum verslunum Nettó og Kjörbúðarinnar

-25%



Whirlpool 189cm  
Kælikápur  
með frysti

**70.995 kr**  
Verð áður 94.995 kr

Whirlpool Þvottavél og  
þurrkari 1400sn 8/6kg

**74.995 kr**  
Verð áður 99.995 kr



-25%

Severin  
Ryksuga 2 in 1

**8.495 kr**  
Verð áður 14.995 kr



-43%

Severin 20 lítra  
Örbylgjuofn 700W

**7.995 kr**  
Verð áður 10.995 kr



-27%

-43%

Severin stál  
Kaffikanna

**3.995 kr**  
Verð áður 6.995 kr



Severin  
Samlokugrill

**2.295 kr**  
Verð áður 3.995 kr



-43%

-35%



Severin  
Töfrasproti

**1.295 kr**  
Verð áður 1.995 kr



-37%

Severin  
Blandari

**9.495 kr**  
Verð áður 14.995 kr

-48%



Severin  
Hraðsuðuketill  
1.5 lítra

**2.095 kr**  
Verð áður 3.995 kr

Melissa stál  
Brauðrist

**1.995 kr**  
Verð áður 2.995 kr



-33%

-23%



Philips Senseo  
Original svört  
Kaffivél

**9.995 kr**  
Verð áður 12.995 kr

United 75" LED Sjónvarp

**151.995 kr**  
Verð áður 199.995 kr



-24%

## Önnur tilboð

Whirlpool 201cm Kælikápur með frysti

**81.995 kr** Verð áður 109.995 kr

Scandomestic Frystikista 292L

**44.995 kr** Verð áður 56.995 kr

Scandomestic 178cm Kælikápur

**55.995 kr** Verð áður 69.995 kr

Severin 150cm Kælikápur með frysti

**55.995 kr** Verð áður 74.995 kr

Whirlpool Þvottavél 1400sn 8kg ZEN

**67.995 kr** Verð áður 79.995 kr

Electrolux Ryksuga UltraOne Classic

**23.995 kr** Verð áður 29.995 kr

Severin Ryksuga

**6.995 kr** Verð áður 10.995 kr

Severin Djúpsteikingarpottur

**9.495 kr** Verð áður 14.995 kr

Severin Þráðlaus handryksuga

**12.495 kr** Verð áður 19.995 kr

Salter Nutripro 1200w Blandari

**7.998 kr** Verð áður 9.998 kr

Philips 43" FHD Sjónvarp

**48.995 kr** Verð áður 59.995 kr

Philips 50" UHD Smart Sjónvarp

**69.995 kr** Verð áður 84.995 kr

United 32" LED Sjónvarp

**17.995 kr** Verð áður 22.995 kr

United 55" LED Sjónvarp

**52.995 kr** Verð áður 69.995 kr

United 65" LED Sjónvarp

**80.995 kr** Verð áður 99.995 kr

LG 55" UHD Smart Sjónvarp

**102.995 kr** Verð áður 124.995 kr

LG 55" OLED Sjónvarp

**222.995 kr** Verð áður 269.995 kr

LG 65" SUPER UHD Smart Sjónvarp

**139.995 kr** Verð áður 169.995 kr

Hjá okkur getur  
þú borgað með  
Netgíró og skipt  
greiðslum eins  
og þér hentar!

nettó

KJÖRBÚÐIN  
í næsta nágrenni

netgíró

Samkaup

Samkaup strax